

## Skýrsla stjórnar Íslandsdeildar ICOM fyrir starfsárið 2022 til 2023

Lögð fram á aðalfundi félagsins þann 12. apríl 2023.

Skýrsla þessi nær yfir starfstímabil Íslandsdeildar ICOM (ICOM IS) milli aðalfunda 23. mars 2022 til 12. apríl 2023.

### Stjórn og rekstur

Stjórn skipa Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, formaður, Anna Friðbertsdóttir, gjaldkeri, og Hólmar Hólm, ritari, ásamt Berglindi Þorsteinsdóttur og Ragnheiði Vignisdóttur, meðstjórnendum.

Stjórn hélt 6 fundi á tímabilinu. Formenn FÍSOS og ICOM IS hafa auk þess fundað um tilfallandi verkefni sem félögin standa að sameiginlega. Félögin tvö hafa unnið vel saman í gegnum tíðina og vill stjórnin koma á framfæri þakklæti til stjórnar FÍSOS fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf og væntir áframhaldandi samheldni í kringum þau verkefni sem framundan eru.

### Aðild

Félagar í Íslandsdeildinni telja í heildina 160 manns en voru 145 við lok starfstímabils síðustu stjórnar. Félögum hefur því fjölgað um 15 manns og fagnar stjórn þessum öra vexti á tímabilinu. Félagar með einstaklingsaðild eru 137 almennir meðlimir, 14 nemar og 9 eftirlaunaþegar. Höfuðsöfnin þrjú og Stofnun Árna Magnússonar eru einnig með aðild.

Félagið notar gagnagrunninn IRIS sem umsýslukerfi utan um umsóknir, greiðslur og félagatal deildarinnar. Umsóknir um aðild fara alfarið í gegnum heimasíðu félagsins, [icom.is](http://icom.is). Skráning fer þaðan beint í IRIS-gagnagrunninn, sem stjórnað er frá höfuðstöðvum Alþjóðaráðsins í París.

Stjórn hvetur félagi einatt til að nýta sér aðildina að ICOM sem best. Ekki aðeins að nýta frían aðgang að söfnum, heldur einnig með þátttöku í sérdeildum, faghópum, námskeiðum og ráðstefnum sem haldnar eru víðs vegar um heiminn og á netinu. Upplýsingar um alla starfseminu er að finna á heimasíðu Alþjóðaráðsins, [icom.museum](http://icom.museum).

## Samskipti og miðlun

Á starfstímabilinu var haldið áfram þeirri vinnu sem hafin var árið áður í að efla samskipti og miðlun, svo sem með nýrri vefsíðu, aukinni virkni og sýnileika á samfélagsmiðlum og með nýrri tölvupóstþjónustu sem auðveldar umsýslu í tengslum við póstlista skráðra féлага. Þessi umbótavinna hefur aukið sýnileika félagsins til muna og auðvelað skrásetningu á viðburðum og starfsemi félagsins með öflugri fréttasíðu.

Stjórn deildarinnar beinir því til féлага að passa upp á að rétt netföng séu skráð í gagnagrunn deildarinnar og gæta þess að uppfæra eigin upplýsingar reglulega með því að skrá sig inn á sitt svæði á vefsíðu samtakanna, [icom.museum](http://icom.museum).

## Alþjóðlegi safnadagurinn

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla, sem daginn ber upp á og hefur það verið gert á hverju ári síðan 1977. Alþjóðaráðið velur safnadeginum yfirskrift er tengist málefnum sem eru í brennipunkti í samfélaginu hverju sinni og árið 2022 var þemað *Mikill er máttur safna* í tengslum við 26. allsherjarþing ICOM í Prag sem fram fór síðar um haustið.

Dagrún Jónsdóttir, þjóðfræðingur, var ráðin í stöðu verkefnisstjóra til að skipuleggja viðburði í tilefni dagsins og sinna kynningarmálum. Voru söfn hvött til að taka þátt í deginum og miðla fróðleik og skemmtun á samfélagsmiðlum. Einnig var vakin athygli á deginum á sérstökum Instagram-reikningi, þar sem kynningarefni og pistlum eftir ýmsa safnmenn var deilt í því skyni að veita almenningi innsýn í safnastarfið. Myllumerkin *#safnadagur* og *#imd2022* voru notuð. Dagurinn, ásamt Íslensku safnaverðlaununum fékk mikla athygli í fjölmiðlum, bæði prentmiðlum sem samfélagsmiðlum.

## Íslensku safnaverðlaunin

ICOM IS og FÍSOS standa saman að Íslensku safnaverðlaununum en ICOM IS skipaði tvo fulltrúa í valnefndina árið 2022: Birki Karlsson hjá Nýlistasafninu og Berglindi Þorsteinsdóttur hjá Byggðasafni Skagfirðinga. Valnefndin vinnur samkvæmt skipunarbréfi og verklagi sem þróað hefur verið í samstarfi við FÍSOS frá því að verðlaunin voru fyrst afhent árið 2000.

Í ár bárust vel á annan tug tilnefninga, ýmist frá söfnunum sjálfum eða almenningi. Viðburðurinn var opinn öllum og athygli var vakin á honum í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Þá voru verðlaunin veitt við hátíðalega athöfn á Alþjóðlega safnadesginum þann 18. maí, í Safnahúsinu við Hverfisgötu, að viðstöddum fjölda fagfólks úr safnaheiminum.

*Tilnefnd söfn voru:*

Byggðasafnið í Görðum  
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs  
Hönnunarsafn Íslands  
Minjasafnið á Akureyri  
Síldarminjasafn Íslands

Íslensku safnaverðlaunin 2022 hlaut Minjasafnið á Akureyri og óskar stjórn safninu og starfsfólki þess innilega til hamingju.

Nánari upplýsingar um rökstuðning valnefndar má lesa á [heimasíðu félagsins](#).

## Siðareglunámskeið

Rafrænt siðareglunámskeið var haldið þann 26. apríl en 7 félagsmenn frá 4 söfnum skráðu sig til þátttöku að þessu sinni. Leiðbeinendur voru Inga Jónsdóttir, fyrrverandi safnstjóri Listasafns Árnesinga, og Nathalie Jacqueminet, forvörður.

Siðareglurnar má nálgast með rafrænum hætti á vefsíðu félagsins.

## Málþing um varðveislu safnkosts

Þann 9. maí stóðu ICOM IS, FÍSOS og safnaráð í sameiningu að málþingi undir yfirskriftinni *Við tölum ekki um geymslur – heldur varðveisluhúsnæði!*

Fjallað var um stöðu varðveislumála safna vítt og breitt um landið og þær áskoranir sem söfnin standa frammi fyrir þegar kemur að öryggismálum og varðveislu. Frummælendur með víðtæka þekkingu og reynslu á starfsemi safna tóku til máls og umræður voru góðar með þátttöku fjölda fagfólks úr safnageiranum. Nánar um

dagskrá málþingins má sjá á [heimasíðu ICOM IS](#) og eins er upptaka af málþinginu aðgengileg á [Facebook-síðu félagsins](#).

## Útgáfu- og ferðasjóður

Markmið sjóðsins er að styrkja félagsmenn til að sækja alþjóðlega fundi og ráðstefnur á vegum ICOM, auk þess sem styðja má útgáfur á efni sem tengist faglegu starfi safna. Úthlutun fer að jafnaði fram einu sinni á ári en á starfsárinu var gefin út [Sýningargerð og varðveisla safngripa](#), handbók í tveimur hlutum eftir Nathalie Jacqueminet, forvörð, sem hlaut styrk úr sjóðnum til útgáfunnar.

## Aðalfundur og allsherjarþing ICOM 2022

Félögum í ICOM hefur fjölgað töluvert á síðustu árum. Samtökin telja nú um 45.000 félaga sem koma frá 138 landi eða svæðum. Samtökin starfa í 125 landsdeildum ásamt 7 svæðissamtökum, auk 32 alþjóðadeilda sem hver um sig einbeitir sér að ákveðnum viðfangsefnum í starfsemi safna.

Aðalfundur alþjóðaráðsins fór að þessu sinni fram samhliða allsherjarþinginu sem haldið var í Prag dagana 20. til 28. ágúst undir yfirskriftinni [The Power of Museums](#) í samræmi við yfirskrift Alþjóðlega safnadagsins. Myndarlegur hópur íslensks safnafólks sótti þingið en Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Hólmar Hólm og Anna Friðbertsdóttir fóru fyrir hönd ICOM IS og sátu bæði aðalfundinn og þingið sjálft. Alls töldu íslenskir þátttakendur í þinginu 16 manns frá söfnum um allt land.

Helstu tíðindi þingsins voru þau að Alþjóðaráðið samþykkti loks nýja safnaskilgreiningu eftir innri átök um tillögu sem lögð var fyrst fyrir allsherjarþingið í Kýótó árið 2019. Markar þessi ákvörðun því tímamót í starfsemi samtakanna en lesa má nánar um samráðsferlið á [heimasíðu ráðsins](#). Íslandsdeild ICOM tók virkan þátt í ferlinu og bauð upp á farveg til samráðs við félagsmenn í gegnum kannanir og umræðufundi. Þá er nýja safnaskilgreining ICOM svohljóðandi á ensku:

*A museum is a not-for-profit, permanent institution in the service of society that researches, collects, conserves, interprets and exhibits tangible and intangible heritage. Open to the public, accessible and inclusive, museums foster diversity and sustainability. They operate and communicate ethically, professionally and with the participation of communities, offering varied experiences for education, enjoyment, reflection and knowledge sharing.*

Stjórnin réðst strax í kjölfarið í samráð við félagsmenn um þýðingarferlið en mikil áhersla var lögð á opið samtal við fagfólk, fræðafólk og tengda aðila um þýðinguna, sem kynnt var opinberlega þann 1. desember 2022:

*Safn er varanleg stofnun, ekki rekin í hagnaðarskyni, sem þjónar samfélaginu með rannsóknum, söfnun, varðveislu, túlkun og miðlun á áþreifanlegri og óáþreifanlegri arfleifð. Söfn eru opin almenningi, aðgengileg og inngildandi og stuðla með því að fjölbreytileika og sjálfbærni. Í starfi sínu og virkum samskiptum við ólíka samfélagshópa hafa þau fagmennsku og siðferðileg gildi að leiðarljósi og bjóða upp á margvíslegar upplifanir í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingarauka.*

Er það von stjórnarinnar að ný skilgreining megi gagnast og þjóna safnasamfélaginu hérlandis á komandi árum og verða því leiðarljós til áframhaldandi stefnumótunar og góðra verka. Starf íslenskra safna er bæði blómlegt og framsækið og að mörgu leyti mætti segja að íslensk söfn hafi nú þegar starfað í samræmi við nýja safnaskilgreiningu um árabíl. Í framhaldinu hyggst stjórn skipuleggja samtal um innleiðingarferlið og möguleg áhrif á stefnumótun safna og starfsemi.

## ICOM Nord

Á starfstímabilinu var áfram unnið að lögum norrænu svæðissamtakanna ICOM Nord, sem voru loks samþykkt af aðalskrifstofu Alþjóðaráðsins og undirrituð af formönnum hlutaðeigandi landsdeilda á allsherjarþinginu í Prag. Þetta gerði félaginu kleift að hefja formlega starfsemi sína og var þetta því einstaklega ánægjulegur áfangi sem leiðir til lykta þá miklu undirbúningsvinnu sem hefur átt sér stað á síðustu árum. Hólmur Hólm tók sæti ritara í fyrstu formlegu stjórn ICOM Nord, sem fulltrúi ICOM IS, og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir er varamaður hans. Stjórn ICOM Nord hefur fundað 4 sinnum á starfsárinu.

## Bréf til menningarráðherra vegna skipunar nýs þjóðminjavarðar

Í ágúst sendi stjórn Lilju Dögg Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, bréf vegna skipunar hennar í starf þjóðminjavarðar án auglýsingar. Í bréfinu gerði stjórn alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið var að ráðningunni. Lagði stjórn félagsins áherslu á að engar athugasemdir væru gerðar við hæfi nýskipaðs þjóðminjavarðar en hins vegar væru gerðar alvarlegar athugasemdir við ráðningarferlið og þau ógagnsæju vinnubrögð sem ráðherra viðhafði í málinu. Þá undirstrikaði stjórnin mikilvægi þess að undanþáguheimild skuli ekki nýtt eða túlkuð sem viðtekin eða almenn regla, sér í lagi við skipun í ábyrgðarstöðu sem slíka, er felur í sér yfirstjórn eins þriggja höfuðsafna íslenska ríkisins, sem hefur enn fremur ekki verið auglýst síðan árið 2000. Máli sínu til stuðnings vísaði stjórnin í 1.11 gr. í [siðareglum ICOM](#) varðandi starfsmannahald, þar sem kveðið er á um að yfirstjórn safns eða safna skuli tryggja að allar ákvarðanir um starfsmannahald séu teknar með viðteknum löglegum hætti. Nánar um innihald bréfsins má sjá á [heimasíðu félagsins](#). Þess skal jafnframt

getið að Ragnheiður Vignisdóttir, meðstjórnandi, sat hjá vegna tengsla sinna við málið.

Í kjölfar þessarar gagnrýni og þrýstings úr mörgum áttum boðaði ráðherra til fundar til að ræða þá stöðu sem upp var komin. Fundinn sóttu fulltrúar FÍSOS, Félags fornleifafræðinga, Sagnfræðingafélagsins og Félags þjóðfræðinga, auk ICOM IS, en öll höfðu félögin sent frá sér sambærilegar ályktanir og gert alvarlegar athugasemdir við starfshætti ráðherra. Stofnaður var samráðshópur á vegum ráðuneytisins með þeim aðilum sem boðaðir voru til fundarins og fundaði hópurinn í nokkur skipti með ráðherra, þar sem meðal annars var rætt um samræmingu laga um skipunartíma forstöðumanna höfuðsafnanna, hæfniskröfur til forstöðumanna og aukið samráð ráðherra við safnavettvanginn.

Í nóvember kynnti ráðherra svo [„Frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands \(samráð og skipunartími\)“](#). Í fyrsta lagi er við safnalög bætt ákvæði þess efnis að árlega fari fram samráðsfundur ráðherra með safnaráði og safnafólki. Í öðru lagi er bætt við lög um Þjóðminjasafn Íslands og lög um Náttúruminjasafn Íslands ákvæði um skipunartíma forstöðumanna. Frumvarpið liggur nú fyrir Alþingi, þar sem það hefur verið tekið til 1. umræðu og var í kjölfarið vísað til allsherjar- og menntamálanefndar.

## Fulltrúar ICOM IS í nefndum og ráðum

### **Safnaráð**

Helga Lára Þorsteinsdóttir (aðalfulltrúi)

Sigurður Trausti Traustason (varamaður)

Skipuð frá janúar 2021 til 31. desember 2025.

### **Blái skjöldurinn**

Inga Jónsdóttir (aðalfulltrúi)

Nathalie Jacqueminet (varamaður)

### **Húsafriðunarnefnd**

Helga Maureen Gylfadóttir (aðalfulltrúi)

Örlygur Kristfinnsson (varamaður)

Tilnefnd sameiginlega af Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði, ICOMOS, ICOM IS og FÍSOS og skipuð á grundvelli 9. gr. laga um menningarminjar til fjögurra ára í senn, eða frá 1. apríl 2021 til 31. mars 2025.

### **Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands**

Ragnheiður Vignisdóttir

## **Tengiliður við Evrópsku safnaverðlaunin**

Helga Maureen Gylfadóttir er tengiliður EMF (European Museum Forum) sem stendur að Evrópsku safnaverðlaununum (EMYA).

Öllu þessu fólki eru færðar þakkir fyrir þeirra góðu störf.

*Ábyrgðarmaður skýrslu:*

*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir,*

*formaður Íslandsdeildar ICOM*